

# Langvinn fótasár – tilmæli um verklag

Bessum tilmælum er ætlað að gera læknum, hjúkrunarfræðingum og öðru starfsfólk heilbrigðiskerfisins kleift að taka ákvarðanir byggðar á gagnreynðri þekkingu, um aðferðir við greiningu og meðferð langvinnra fótasára og að vísa sjúklingum í réttan farveg til frekara mats og meðferðar.

Til fótasára teljast sár á fótum og fótleggjum. Flest fótasár má rekja til veikleika/sjúkdóma í æðakerfi ganglima (bláæðasár og slagæðasár). Sykursýkisár flokkast í *taugakvillasár* (neuropatísk sár) og *taugakvillasár með blóðþurrð* (neuroiskemísk sár). Taugakvillasárin eru vegna varanlegra skyntaugaskemmda í fótum, sem oft fylgja sykursýki en eru án æðaskemmda. Í taugakvillasárum með blóðþurrð eru skyntaugaskemmdir og slagæðakölkun með skertu blóðflæði samverkandi þættir.

Aðrir orsakaþættir langvinnra fótasára eru t.d. ónæmissjúkdómar, svo sem æðabólga, pyoderma gangrenosum og iktsýki (immúnológísk sár). Þá getur illkynja frumuvöxtur verið orsök sáramyndunar en getur líka verið afleiðing af langvinnum sárum.

Grundvallaratriði í meðferð langvinnra fótasára er að greina undirliggjandi orsök. Þegar greining er staðfest, beinist meðferðin að undirliggjandi orsök aust réttrar meðferðar sársins. Jafnframt er mikilvægt að gera sér grein fyrir þeim fjölmörgu þáttum sem haft geta áhrif á sárgræðslu. Þetta geta verið þættir sem tengast sjúklingnum, til dæmis undirliggjandi sjúkdómar, næring, reykingar og fleira. Einnig geta þetta verið þættir tengdir heilbrigðisstarfsfólk eða umhverfinu. Fótasár geta verið margar vikur eða mánuði að gróa. Rétt greining og rétt meðferð sára eykur lífsgæði, flýtir græðslu og getur þar með dregið úr kostnaði.

Greining á orsök sára á að vera í höndum lækna, hjúkrunarfræðinga eða annarra heilbrigðisstarfsmanna sem hafa til bess þekkingu og þjálfun. Til dæmis er mælt með því að æðaskurðlæknir meti öll sykursýkisár. Í sumum tilfellum er meðferð og eftirfylgni einnig best komin í höndum sérfræðinga.

## Greining og mat á langvinnum fótasárum

### Heilsufarssaga

Spyrja um:

1. Hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki og gigt
2. Lyfjanotkun, svo sem bólgueyðandi lyf
3. Fyri sár
4. Reykingar

### Klínískt mat og mælingar

1. Skoða fætur og fótleggi
2. Skoða sárið og meta ástand þess
3. Preifa púlsa í a. dorsalis pedis og a. posterior tibialis
4. Mæla ökkla-/handleggsþrýstingshlutfall (ABPI) með hjálp Doppler til að meta slagæðaflæði til fóta (ABPI ≤ 0,8 er vísbending um skert slagæðaflæði)
5. Mæla blóðþrýsting
6. Mæla blóðsykur ef ekki er saga um sykursýki
7. Ekki er mælt með rútinubundnum sýklaræktunum úr langvinnum sárum, sýklaræktanir eru einungis teknar ef klínísk merki eru um sýkingu

**Höfundar:** Guðbjörg Pálsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Baldur Tumi Baldursson, húðsjúkdómalæknir, Bryndís Sigurðardóttir, smitsjúkdómalæknir, Elín Laxdal, æðaskurðlæknir, Gunnar Auðólfsson, lýtalæknir

**Dagsetning:** September 2010

**Endurskoðun:** September 2012

### Heimildir

Bitsch. M. (2002). Såralgoritme. *Sår*, 4

Registered Nurses Association of Ontario (RNAO). (2004). *Nursing Best Practice Guideline: Assessment and Management of Venous Leg Ulcers*.

Registered Nurses Association of Ontario (RNAO). (2005). *Nursing Best Practice Guideline: Assessment and Management of Foot Ulcers for People with Diabetes*.

Royal College of Nursing (RCN). (2006). *Clinical Practice Guidelines: The nursing management of patients with venous leg ulcers. Recommendations*.

# Langvinn fótasár - tilmæli um verklag

## Greining og mat

	Bláæðasár	Slagæðasár	Sykursýkisár	Immúnológisk sár
<b>Staðsetning</b>	Neðri fóteggur, oftast framanvert og innanvert, getur verið allan hringin	Neðri fóteggur og fótur, á tám, á malleolus og öðrum beináberum stöðum	Jarkar, tær, iljar	Á fótum eða fóteggjum, oft á utanverðum fóteggjum
<b>Útlit</b>	Yfirborðssár, óregluleg lögun, vessandi, granulerandi, oft fibrinskán. Exem á fótegg, brúnleitar og hvítar skellur í húðinni kringum sárið	Vel afmörkuð, djúp með hvítan eða svartan sárabotn (drep). Ekki granulationsvefur	Djúp, kringlótt, sárabotn oft rauður eða hvítur, sigg á köntum, oft sést í bein	Vel afmörkuð og yfirleitt minni en bláæðasár. Sárin eru mjög rauð og jafnvel fjólublá í köntunum og í kringum sárið
<b>Sárasaga</b>	Löng: Mánuðir – ár	Stutt: 2 Vikur – mánuðir	Stutt: Dagar – vikur – mánuðir	Stutt: Dagar – vikur
<b>Húðskyn</b>	Eðlilegt	Oft brenglað skyn ef blóðflæði er mikil skert	Skert	Eðlilegt
<b>Fótapúlsar</b>	Til staðar en erfitt að þreifa ef það er mikill bjúgur	Veikir eða ekki þreifanlegir	Stundum til staðar	Til staðar
<b>Bjúgur</b>	Já	Stundum, ef fótur er láttinn hanga	Stundum	Stundum
<b>Verkir</b>	Oft	Oft mikil verkir í tám, rist og hæl. Hvíldarverkir minnka ef fótur er láttinn hanga	Ekki í tengslum við sárið, oft áberandi litlir verkir miðað við dýpt sárs	Mikil verkir í sjálfu sárinu

## Meðferð eftir bakgrunni fótasára

	Bláæðasár	Slagæðasár	Sykursýkisár	Immúnológisk sár
<b>Bakgrunnur</b>	Æðahnútar, bláæðalokuleki, djúpur bláæðasegi	Æðakölkun Sykursýki	Sykursýki	Gigt, sýking, frumubreytingar
<b>Meðferð</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þrýstingsumbúðir</li> <li>- Rök sárameðferð</li> <li>- Sáraumbúðir með góða vessadrægni (svampa, þörunga)</li> <li>- Meðhöndla exem með sterakremi</li> <li>- Vernda heila húð með zinksalva eða filmu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Vísá til sáramiðstöðvar eða æðaskurðlæknis ef ABPI er <math>\leq 0,8</math> eða aðrar vísbendingar eru um skert blóðflæði</li> <li>- Vernda gegn áverkum, s.s. núnungi og þrýstingi</li> <li>- Halda drepi þurru</li> <li>- Ekki loftþéttar umbúðir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Vísá á sáramiðstöð til greiningar</li> <li>- Aflætta þrýstingi af sárinu með því að leiðréttá skóbúnað (fóta-aðgerðafræðingur/ sáramiðstöð)</li> <li>- Fjarlægja sigg á sárköntum með hníf</li> <li>- Vessadrægar umbúðir, ekki loftþéttar umbúðir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Vísá á sáramiðstöð eða til sérfræðings í húð- eða ónæmislækningum</li> <li>- Lyfjamæðferð með ónæmisbaelandi lyfjum nauðsynleg</li> <li>- Meta verki, gefa verkjalyf fyrir umbúðaskipti</li> <li>- Rök sárameðferð</li> </ul>
<b>Tíðni skiptinga</b>	1x í viku að jafnaði eða e. þörfum	2 – 4x í viku eftir þörfum	2 – 4x í viku eftir þörfum	Eftir þörfum
<b>Sýklalyf</b>	Yfirleitt ekki þörf Ef <i>S.aureus</i> eða hemolítiskir streptókokkar ræktast, íhuga meðferð með Dicloxacillin, Cefalexin eða Clindamycin	Sýkingarhætta mikil ef dreip er blautt/mjúkt. Blönduð bakteriuflóra. Gefa breiðvirk sýklalyf, t.d. Augmentin	Mikil sýkingarhætta Mælt með því að vísa á sáramiðstöð. Blönduð bakteriuflóra. Nota breiðvirk sýklalyf, t.d. Augmentin eða Clindamycin og Ciprofloxacin	Yfirleitt ekki þörf Ef <i>S.aureus</i> eða hemolítiskir streptókokkar ræktast, íhuga meðferð með Dicloxacillin, Cefalexin eða Clindamycin

## Meðferð eftir ástandi sárabeðs

	Meðferð	Tíðni skiptinga	Þrýstingsumbúðir
<b>Sár með drepi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Fjarlægja dreip með hníf eða skærum</li> <li>- Þvo með kranavatni og e.t.v. mildri sápu (ilmefnalausrí og pH 4,5 – 5,5)</li> <li>- Gel og/ eða lokaðar loftþéttar umbúðir ef mykja á upp dauða vefinn</li> </ul>	Skipta daglega eða annan hvern dag til að byrja með	Forðast þrýstingsumbúðir
<b>Sýkt sár</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þvo með kranavatni og e.t.v. mildri sápu (ilmefnalausrí og pH 4,5 – 5,5)</li> <li>- Umbúðir með silfri</li> <li>- Aðrar umbúðir sem hindra bakteriuvöxt</li> </ul>	Skipta daglega eða annan hvern dag	Mælt með þrýstingsumbúðum ef þær eiga við að öðru leytí
<b>Vessandi sár</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þvo með kranavatni og e.t.v. mildri sápu (ilmefnalausrí og pH 4,5 – 5,5)</li> <li>- Nota vel vessadrægar umbúðir t.d. svampa, þörunga eða trefjar</li> <li>- Vernda heila húð með zink áburði eða filmu (Cavilon)</li> </ul>	Skipta eftir þörfum þar til meðhöndlun á orsök vessans hefur borið árangur	Mælt með þrýstingsumbúðum ef þær eiga við að öðru leytí
<b>Granulerandi sár</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þvo með kranavatni, sápa óþörf</li> <li>- Halda sári röku með viðeigandi umbúðum, t.d. svömpum</li> <li>- Íhuga húðflutning ef um stórt sár er að ræða</li> </ul>	Skipta vikulega eða eftir þörfum	Mælt með þrýstingsumbúðum ef þær eiga við að öðru leytí